

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 17/2003

frá 31. janúar 2003

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2002 frá 8. nóvember 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 113/2002 frá 23. janúar 2002 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96 að því er varðar endurskoðaðar flokkanir útgjalda eftir tilgangi ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 19d (reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96) í XXI. viðauka við samninginn:

„- **32002 R 0113:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 113/2002 frá 23. janúar 2002 (Stjtíð. EB L 21, 24.1.2002, bls. 3).“

2. gr.

Texti reglugerðar (EB) nr. 113/2002 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtíð. EB L 19, 23.1.2003, bls. 50 og EES-viðbæti við Stjtíð. EB nr. 4, 23.1.2003, bls. 34.

⁽²⁾ Stjtíð. EB L 21, 24.1.2002, bls. 3.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 2003, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 31. janúar 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

